

## RGARÐUR VIÐ HORNBRÉKKU Á ÓLAFSFIRÐI

### Ákvörðun um matsskyldu

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð snjóflóðavarnargarðs ofan við Hornbrekku á Ólafsfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Sjónræn áhrif garðsins verða nokkuð neikvæð, einkum á framkvæmdatíma en áhrif á fornleifar verða að öllum líkindum ekki veruleg verði fylgt tilmælum Fornleifaverndar ríkisins um athuganir og merkingar fornleifa. Tilkoma varnargarðsins mun hafa jákvæð áhrif á öryggi íbúa að Hornbrekku m.t.t. snjóflóðahættu miðað við núverandi aðstæður.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjallabyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990-2010 og samþykkt deiliskipulag fyrir varnarvirkin.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Fjallabyggð og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. júlí 2008.

30. maí 2008

## INNGANGUR

Þann 4. mars 2008 tilkynnti Fjallabyggð gerð snjóflóðavarnar við Dvalarheimilið Hornbrekku á Ólafsfirði til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 11 k í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fjallabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fjallabyggð með bréfi dags. 10. apríl 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfum dags. 25. mars og 27. maí 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 7. apríl 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. mars 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Fjallabyggð með tölvupóstum dags. 3. 7. og 23. apríl og 29. maí 2008.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér gerð um 120 m langs og um 12 m hás leiðigarðs fyrir ofan dvalarheimili aldraðra að Hornbrekku á Ólafsfirði. Í framlögðum gögnum framkvæmdaradila kemur fram að gert sé ráð fyrir að efni sem til falli vegna framkvæmda við Héðinsfjarðargöng verði notað í garðinn, alls um 86.000 m<sup>3</sup>, auk þess sem áætlað sé að nota um 17.000 m<sup>3</sup> af jarðvegi, sem til falli í garðstæðinu, í landmótun. Fram kemur að áætlað rasksvæði vegna fyrirhugaðra framkvæmda við garðinn og vegna landmótunar og uppgræðslu næst honum sé um 10 ha. Fram kemur að eingöngu sé gert ráð fyrir að lagður verði um 240 m langur og 4 m breiður vegslóði frá þjóðvegi að framkvæmdasvæðinu en að öðru leyti verði efnisflutningar frá haugsetningasvæði vestan þéttbýlis um núverandi vegi.

Fram kemur að samkvæmt hættumati fyrir Ólafsfjörð sé Hornbrekka á hættusvæði C þar sem staðaráhætta sé meiri en 3x10.000 á ári. Með byggingu garðsins verði Hornbrekka á hættusvæði A þar sem staðaráhætta sé minni en 0.3x10.000 á ári og þar með verði uppfylltar þær öryggiskröfur sem settar séu fram í reglugerð nr. 505/2000 um hættumat og ofanflóð.

Fram kemur að gróður á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði einkennist af graslendi og ekki sé vitað um sjaldgæfar plöntutegundir innan svæðisins. Sjónræn áhrif garðsins verði varanleg en frágangi og landmótun verði hagað með þeim hætti að dregið verði eins og kostur er úr neikvæðum sjónrænum áhrifum. Fram kemur að framkvæmdasvæðið og næsta nágrenni þess sé nýtt til útivistar, einkum til skíðaiðkana og gönguferða. Gert sé ráð fyrir 3,5 m breiðu, manngengu ræsi í gegnum garðinn til að auðvelda umferð gangandi vegfarenda og að öðru leyti muni landmótun miðast við að gera garðinn og umhverfi hans að eftirsóknarverðu útivistarsvæði.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að breyta þurfi aðalskipulagi Ólafsfjarðar með hliðsjón af tilkomu garðsins og sé vinna við breytingu á skipulagi í undirbúningi. Breytingin falli undir lög um umhverfismat áætlananna nr. 105/2006 og þarf sveitarstjórn að leita samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur umhverfismats skipulagsbreytinga sbr. 6. gr. laganna. Staðfest breyting á aðalskipulaginu og samþykkt deiliskipulag þurfi að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi sé veitt.

## ÁLIT UMÞAGNARAÐILA OG VIÐBRÖÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Fjallabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögninni er bent á að ekki sé fjallað um fornleifar eða áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þær í tilkynningu framkvæmdaraðila. Fornleifaskráning hafi farið fram á framkvæmdasvæðinu og þar komi fram að fornleifar séu staðsettar á því svæði sem afmarkað sé sem rasksvæði framkvæmda á loftmynd í skýrslu Fjallabyggðar. Telja verði líklegt að framkvæmdirnar muni hafa áhrif á fornleifar og að ráðast verði í fornleifarannsóknir áður en þær geti hafist. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að gerð verði grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á einstaka fornleifar og að gerð verði grein fyrir mótvægisáðgerðum til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á fornleifar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að minjarnar EY-048:013 verði skoðaðar sem allra fyrst þar sem þær komi til með að hverfa þegar jarðvegsskipti fari fram undir garðinum. Í samráði við Fornleifavernd ríkisins muni verða gerðar ráðstafanir til að vernda hinar minjarnar. Hugsanlega megi minnka áður áætlað atafnasvæði eða girða einstaka minjar af.

Í frekari umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að stofnuninni hafi borist frekari upplýsingar um umfang framkvæmdarinnar. Þá hafi minjavörður Norðurlands eystra farið á staðinn og metið áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Bæjarhóll í landi Hornbrekku (EY-048:001), útihús sem honum tengjast (EY-048:003, EY-048:004, EY-048:005 og EY-048:006) svo og bænhús (EY-048:002) eru ekki talin í beinni hættu. Vegna nálægðar við framkvæmdasvæðið telur Fornleifavernd ríkisins nauðsynlegt að svæðið sem þessar minjar eru á verði afmarkað og merkt á meðan á framkvæmdum standi til að forðast að þær raskist af vangá. Um 500-600 m austan við dvalarheimilið Hornbrekku og um 100-150 m austan við veg sem liggur norður-suður í fjallshlíðinni eru dældir og hleðslugrjót. Þetta eru leifar bústaðar (EY-048:0013) sem þarna stóð fram yfir miðja 20. öld. Fornleifavernd ríkisins telur að grafa verði könnunarskurði í tóftirnar til að kanna hvort undir sýnilegu minjunum leynist leifar um eldri mannvist. Komi slíkar leifar í ljós kann það að leiða til þess að gera þurfi frekari rannsóknir á staðnum. Að því gefnu að gengið verði að þeim kröfum Fornleifaverndar ríkisins sem fram koma hér að ofan telur stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í frekari svörum Fjallabyggðar kemur fram að farið verði að tilmælum Fornleifaverndar ríkisins varðandi merkingar fornleifa og rannsóknir.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð um 120 m langs og 12 m hás snjóflóðavarnargarðs ofan við dvalarheimili aldraðra að Hornbrekku á Ólafsfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld

er ákvörðun um málskyrta samkvæmt 6. gr. og lið 11 k í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að fyrir liggja að með tilkomu snjóflóðavarnagarðsins muni ásýnd fjallshlíðarinnar ofan þéttbýlisins breytast varanlega. Óhjákvæmilega verða sjónræn áhrif garðsins nokkuð neikvæð, einkum á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun telur mikilvægt, að vandað verði til hönnunar og frágangs fyrirhugaðra varnagarða eins og lögð er áhersla á í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að farið verði að þeim tilmælum Fornleifaverndar ríkisins að grafinn verði könnunarskurður til að kanna hvort undir minjum á yfirborði (EY-048:0013) leynist leifar um eldri mannvist auk þess sem á framkvæmdatíma verði merkt svæði þar sem er að finna Bæjarhól í landi Hornbrekku og útihús sem honum tengjast svo og bænhús til að koma í veg fyrir rask. Verði farið að ofangreindum tilmælum eins og framkvæmdaraðili hefur samþykkt, telur stofnunin ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa verulega neikvæð áhrif á fornleifar. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á gróður verði ekki veruleg þar sem framkvæmdasvæðið einkennist af algengu graslendi og ekki hafa fundist sjaldgæfar plöntutegundir á svæðinu. Stofnunin telur að nokkur neikvæð áhrif geti orðið vegna ónæðis af völdum efnisflutninga um þéttbýlið á Ólafsfirði en eðli málsins samkvæmt verða um tímabundin áhrif að ræða. Skipulagsstofnun telur ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa jákvæð áhrif á öryggi íbúa að Hornbrekku m.t.t. snjóflóðahættu miðað við núverandi aðstæður.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Fjallabyggðar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð snjóflóðavarnagarðs ofan við dvalarheimili aldraðra að Hornbrekku á Ólafsfirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjallabyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990-2010 og og samþykkt deiliskipulag fyrir varnarvirkin.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Fjallabyggð og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 2. júlí 2008.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson



*Your complimentary  
use period has ended.  
Thank you for using  
PDF Complete.*

2007050104

---

[\*Click Here to upgrade to  
Unlimited Pages and Expanded Features\*](#)